SKEL



Árshlutareikningur

1.1.-30.6.2026

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Eiginfjáryfirlit	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

SKEL fjárfestingafélag hf. (hér eftir„SKEL", „félagið") er hlutafélag skráð á Nasdaq Nordic Iceland. SKEL starfar sem fjárfestingafélag, með þann tilgang að skapa verðmæti fyrir hluthafa og aðra haghafa með langtímahugsun að leiðarljósi. Stefna SKEL er að vera umbreytingafjárfestir og þannig veita stuðning og aðstoð við þau félög, stjórnendateymi og frumkvöðla sem ákveðið er að fjárfesta í hverju sinni. SKEL styður þannig samstarfsaðila sína við að fullnýta alla möguleika fyrirtækjanna sem þau stýra.

Samandreginn árshlutareikningur, hér eftir einnig nefndur árshlutareikningur, hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34.

Félagið uppfyllir þau skilyrði sem sett eru fram í alþjóðlegum reikningsskilastaðli IFRS 10 til þess að flokkast sem fjárfestingafélag. Fjárfestingaeignir og -skuldir eru metnar á gangvirði og er matsbreytingin færð í gegnum rekstrarreikning í samræmi við IFRS 9.

Tekjur af fjárfestingastarfsemi á fyrri helmingi ársins voru 466 m.kr. á árinu (30.6.2025: 311 m.kr.) og tap tímabilsins var 384 m.kr. (30.6.2025: 559 m.kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi 30. júní 2026 námu eignir félagsins 50.841 m.kr. (31.12.2025: 57.895 m.kr.) og skuldir 11.411 m.kr. (31.12.2025: 15.831 m.kr.). Eigið fé nam 39.430 m.kr. (31.12.2025: 42.064 m.kr.) og var innra virði eigin fjár 21,0 kr. á hlut. Eiginfjárhlutfall var 77,6%.

Önnur atriði

Þann 13. maí 2026 kláraðist sala SKEL á 100% hlut í Gallon til Styrkás. Umsamið heildarverð (e. Enterprise Value) í viðskiptunum var 2.885 m.kr. Samhliða viðskiptunum greiddi SKEL upp lán sem Gallon veitti félaginu að fjárhæð 1.305 m.kr og var hluti af verðinu greiddur með hlutum í Styrkás. SKEL seldi einnig 3,4% hlut í Styrkás á tímabilinu og er eftirstandandi eignarhlutur SKEL í félaginu 32,1% þann 30.6.2026.
Félagið seldi 50 íbúðir í Stefnisvogi fyrir samtals 4,3 ma.kr. en áður hafði félagið selt 17 íbúðir. Virði fasteigna í Stefnisvogi þann 30.6.2026 er 4.226 m.kr. og telur samtals 38 íbúðir. Skuldir á móti fasteignum nema 3,4 ma.kr.

Hlutafé og samþykktir

Skráð hlutafé félagsins í júní 2026 nam 1.878 m.kr. Atkvæðisrétti í SKEL er þannig háttað að 1 kr. jafngildir 1 atkvæði. Hlutafé félagsins er í einum flokki sem skráður er á Nasdaq og njóta allir hlutir sömu réttinda. Hluthafar félagsins í lok júní 2026 voru 991 samanborið við 979 í lok árs 2025. Tíu stærstu hluthafar félagsins voru:

Hluthafi	Nafnverð hlutafjár m.kr.	Eignahlutur
Strengur hf.	969	51,6%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	154	8,2%
Birta lífeyrissjóður	106	5,6%
NO.9 Investments Limited	58	3,1%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	42	2,3%
VÍS tryggingar hf.	35	1,9%
Kvika - Innlend hlutabréf	30	1,6%
Hofgarðar ehf.	24	1,3%
Eftirlaunasjóður FÍA	20	1,1%
Íslandsbanki hf.	18	1,0%
10 stærstu hluthafar samtals	**1.456**	**77,5%**
Aðrir hluthafar (981 talsins)	419	22,3%
Samtals útistandandi hlutir	**1.875**	**99,8%**
Eigin hlutir	4	0,2%
Heildarhlutafé skv. samþykktum	**1.878**	**100,0%**

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er það álit þeirra að samandreginn árshlutareikningur félagsins gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á tímabilinu 1.1.2026-30.6.2026, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 30. júní 2026 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu. Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga.

Stjórn og forstjóri SKEL fjárfestingafélags hf. hafa í dag fjallað um samandreginn árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1.1.2026-30.6.2026 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 13. ágúst 2026

Stjórn

Jón Ásgeir Jóhannesson, formaður

Birna Einarsdóttir

Birna Ósk Einarsdóttir

Guðni Rafn Eiríksson

Sigurður Ásgeir Bollason

Forstjóri

Ásgeir Helgi Reykfjörð Gylfason

Rekstrarreikningur og yfirlit yfir heildarafkomu

	Skýr.	2026 1.1.-30.6.	2025 1.1.-30.6.
Gangvirðisbreyting fjáreigna	3	(163)	(502)
Gangvirðisbreyting fjárfestingafasteigna	3	(1)	(29)
Rekstrartekjur fjárfestingafasteigna	5	28	97
Fjármunatekjur	8	601	745
Tekjur af fjárfestingastarfsemi		**466**	**311**
Aðrar rekstrartekjur	6	6	20
Laun og launatengd gjöld		(201)	(226)
Rekstrarkostnaður fjárfestingafasteigna	5	(17)	(37)
Annar rekstrarkostnaður	7	(122)	(131)
		(334)	(374)
Rekstrarhagnaður (-tap)		**132**	**(64)**
Fjármagnsgjöld	9	(663)	(625)
Tap fyrir tekjuskatt (EBT)		**(531)**	**(689)**
Tekjuskattur		147	130
Tap tímabilsins		**(384)**	**(559)**
Hagnaðarhlutur:			
Tap á hlut		(0,20)	(0,30)
Þynnt tap á hlut		(0,19)	(0,28)

Skýringar á blaðsíðum 9-16 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Efnahagsreikningur

	Skýr.	30.6.2026	31.12.2025
Eignir			
Handbært fé	12	4.308	1.956
Ríkisskuldabréf færð á gangviði í gegnum rekstrarreikning	10	0	1.163
Skráð verðbréf færð á gangviði í gegnum rekstrarreikning	10	8.432	9.085
Fjárfestingafasteignir	10	4.411	8.708
Aðrar fjáreignir færðar á gangviði í gegnum rekstrarreikning	10	31.771	35.315
Lán og kröfur á tengd félög		1.563	1.399
Skammtímakröfur og aðrar eignir	14	342	251
Rekstrarfjármunir		12	13
Leigueign		2	4
Eignir samtals		**50.841**	**57.895**
Eigið fé			
Hlutafé		1.875	1.878
Yfirverðsreikningur hlutafjár		2.470	2.525
Bundnir eiginfjárreikningar		29.125	30.741
Óráðstafað eigið fé		5.960	6.920
Eigið fé samtals	13	39.430	42.064
Skuldir			
Tekjuskattsskuldbinding		1.056	1.208
Langtímaskuldir vegna fjárfestingafasteigna	15	3.402	3.411
Skuldir við tengd félög		0	1.317
Langtímaskuldir samtals		4.457	5.936
Skammtímaskuldir við lánastofnanir	15	6.828	6.964
Skammtímaskuldir vegna fjárfestingafasteigna	15	0	2.669
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	15	0	97
Aðrar skuldir	16	123	159
Leiguskuldbindingar		2	5
Skammtímaskuldir samtals		6.954	9.895
Skuldir samtals		11.411	15.831
Eigið fé og skuldir samtals		**50.841**	**57.895**

Skýringar á blaðsíðum 9-16 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Eiginfjáryfirlit

	Hlutafé	Yfirverðs-reikningur hlutafjár	Lögbundinn varasjóður	Bundinn reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
30.6.2026						
Eigið fé hluthafa 31.12.2025	1.878	2.525	470	30.272	6.919	42.064
Tap tímabilsins					(384)	(384)
Keypt eigin bréf	(4)	(55)				(59)
Greiddur arður 1,17 kr. á hlut					(2.198)	(2.198)
Innleystar gangvirðisbreytingar				(1.485)	1.485	0
Áhrif gangvirðisbreytinga				(132)	132	0
Áfallinn kostnaður vegna kaupréttarsamninga					7	7
Staða 30.06.2026	1.875	2.470	470	28.655	5.961	39.430
30.6.2025						
Eigið fé hluthafa 31.12.2024	1.878	2.525	470	26.352	12.503	43.728
Tap tímabilsins					(559)	(559)
Greiddur arður 3,19 kr. á hlut					(6.000)	(6.000)
Innleystar gangvirðisbreytingar				(960)	960	0
Áhrif gangvirðisbreytinga				(531)	531	0
Áfallinn kostnaður vegna kaupréttarsamninga					33	33
Staða 30.6.2025	1.878	2.525	470	24.861	7.468	37.202

Skýringar á blaðsíðum 9-16 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Sjóðstreymisyfirlit

	2026 1.1.-30.6.	2025 1.1.-30.6.
Rekstrarhreyfingar		
Tap tímabilsins	(384)	(559)
Leiðrétt fyrir:		
Gangvirðisbreyting fjáreigna og fjárfestingafasteigna	164	531
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	61	(120)
Tekjuskattur	(147)	(130)
Annað	7	33
Veltufé til rekstrar án vaxta og tekjuskatts	(298)	(244)
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting	(30)	(448)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting	47	96
	16	(351)
Handbært fé til rekstrar án vaxta og skatta	(282)	(595)
Innborgaðar vaxtatekjur	34	17
Greidd vaxtagjöld	(312)	(708)
Handbært fé til rekstrar	(560)	(1.287)
Fjárfestingahreyfingar		
Fjárfest í fjárfestingafasteignum	0	(35)
Sala fjárfestingafasteigna	4.296	1.112
Fjárfesting í verðbréfum	(369)	(1.209)
Sala verðbréfa	5.413	3.150
Arður frá fjárfestingaeignum	412	541
Kröfur á tengd félög og langtímakröfur, breyting	(25)	52
Fjárfestingahreyfingar	9.728	3.611
Fjármögnunarhreyfingar		
Greiddur arður	(2.198)	(3.000)
Endurkaup eigin bréf	(59)	0
Breyting langtímalána	(2.433)	(854)
Skuld við tengd félög	(1.305)	(46)
Skammtímalán, breyting	(820)	554
Fjármögnunarhreyfingar	(6.816)	(3.346)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	2.352	(1.022)
Handbært fé í byrjun árs	1.956	3.604
Handbært fé í lok tímabilsins	4.308	2.582
Fjárfestingar og fjármögnun án greiðsluáhrifa:		
Söluverð fjáreigna	1.847	0
Fjárfest í félögum	(299)	0
Skuldir við tengd félög	(1.357)	0
Óráðstafað eigið fé	0	(3.000)
Ógreiddur arður	0	3.000

Skýringar á blaðsíðum 9-16 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Skýringar

1. Félagið

SKEL fjárfestingafélag hf. („félagið") er íslenskt hlutafélag með lögheimili á Íslandi. Skráð heimilisfang er Kristínargata 1, 102 Reykjavík.

Tilgangur félagsins er að starfa sem fjárfestingafélag, þ.e. að ávaxta fé sem hluthafar hafa bundið í starfseminni með fjárfestingum.

Stjórn SKEL fjárfestingafélags hf. samþykkti árshlutareikninginn 13. ágúst 2026.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2025. Hægt er að nálgast ársreikninginn á heimasíðu félagsins www.skel.is.

Nýr reikningsskilastaðall IFRS 18 á að taka gildi í janúar 2027 og mun koma í stað IAS 1. Það er mat stjórnenda félagsins að innleiðingu staðalsins komi til með að hafa óveruleg áhrif á framsetningu í ársreikningi SKEL.

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins, og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna.

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins. Reikningsskil félagsins byggja á gangvirði í gegnum rekstur.

Gerð samandregins árshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

3. Gangvirðismat

Gangvirði fjáreigna og skulda sem verslað er með á virkum mörkuðum miðast við skráð markaðsverð við lokun viðskipta á lokadegi tímabilsins. Félagið notar síðasta markaðsverð fyrir bæði fjáreignir og fjárskuldir. Ef umtalsverð hreyfing á gangvirði verður eftir lokun viðskipta fram að miðnætti á lokadegi tímabilsins, verður matsaðferðum beitt til að ákvarða gangvirði.

Fjárfestingafasteignir félagsins voru metnar af óháðum þriðja aðila og byggði verðmatið á nýlegum viðskiptaverðum með sambærilegar eignir og ásettu verði íbúða í sölu.

Gangvirði fjáreigna og skulda sem ekki er verslað með á virkum markaði er ákvarðað með því að nota verðmatsaðferðir. Félagið notar margvíslegar aðferðir og gefur sér forsendur sem byggja á markaðsaðstæðum. Verðmatsaðferðir sem notaðar eru fyrir óstaðlaða fjármálagerninga eins og valrétti, gjaldeyrisskiptasamninga og aðrar afleiður, fela í sér notkun á sambærilegum nýlegum viðskiptum á armslengdar grundvelli, tilvísun í aðra gerninga sem eru í meginatriðum eins, greining á núvirtu sjóðstreymi, verðlagningarlíkönum valrétta og öðrum verðmatsaðferðum sem almennt eru notaðar af markaðsaðilum með það að markmiði að nýta markaðsupplýsingar sem mest og treysta eins lítið og mögulegt er á sértækar upplýsingar.

Verðmatslíkön eru alltaf mat eða nálgun á verðmæti sem ekki er hægt að ákvarða með vissu og matsaðferðir sem notaðar eru endurspegla kannski ekki að fullu alla þætti sem skipta máli fyrir stöðuna sem félagið tekur. Verðmat er því leiðrétt, þar sem við á, til að taka tillit til viðbótarþátta, þar á meðal lausafjáráhættu og mótaðilaáhættu.

3. Gangvirðismat frh.

Félagið notar þrepaskiptingu til þess að skýra mismunandi flokka við mati á gangvirði. Þrepin eru skilgreind á eftirfarandi hátt:

Þrep 1: Skráð verð (óbreytt) á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir.

Fjárfestingar þar sem verðmæti miðast við skráð markaðsverð á virkum mörkuðum og eru því flokkuð í 1. stig, eru skráð hlutabréf og ríkisskuldabréf. Félagið aðlagar ekki skráð verð fyrir þessa gerninga.

Þrep 2: Aðrar forsendur en skráð verð samkvæmt fyrsta þrepi sem hægt er að greina fyrir eignina eða skuldina, ýmist beint (þ.e. verð) eða óbeint (þ.e. afleidd af verði).

Fjármálagerningar sem átt er í viðskiptum með á mörkuðum sem ekki eru taldir vera virkir en eru metnir á grundvelli skráðs markaðsverðs, tilboða söluaðila eða annarra verðmatsaðferða sem stutt er af sjáanlegum breytum eru flokkaðir í 2. þrep. Þar sem 2. stigs fjárfestingar innihalda stöður sem ekki er verslað með á virkum mörkuðum og/eða eru háðar yfirfærslutakmörkunum, getur verðmat verið aðlagað til að endurspegla óseljanleika og/eða óframseljanleika, sem eru almennt byggðar á tiltækum markaðsupplýsingum.

Þrep 3: Forsendur sem notaðar eru við mat eignar eða skuldar eru ekki byggðar á fáanlegum markaðsupplýsingum (ógreinanlegar upplýsingar).

Fjárfestingar sem flokkast innan 3. stigs hafa umtalsverðar ógreinanlegar breytur, þar sem viðskipti með þau eru fátíð. Þriðja stigs gerningarnir innihalda hlutabréf fyrirtækja og fjárfestingaeigna. Þar sem sjáanleg verð eru ekki tiltæk fyrir þessi verðbréf hefur félagið notað matsaðferðir til að fá fram gangvirði.

Stuðst er við sjóðstreymisgreiningu (e. Discounted Cash Flow, DCF) við mat á óskráðum félögum í eigu SKEL ef ekki er til þekkt nýlegt viðskiptaverð. Gangvirðismatið er byggt á rekstraráætlun stjórnenda hvers félags. Spástærðir eru margar hverjar byggðar á raunbreytingu undirliggjandi stærða og í kjölfarið er innbyggt verðbólguálag áhættulausra vaxta notað sem mat á framtíðarverðbólgu í fjárstreymi, sérstöku fyrirtækjaálagi bætt við ávöxtunarkröfu eigin fjár sem tekur m.a. mið af seljanleika félaganna, óvissu um framgang rekstraráætlana og ýmsum óvissuþáttum í rekstrarumhverfi félaganna. Verðmöt óskráðra eigna eru framkvæmdar af óháðum þriðja aðila sem eru sérfræðingar í verðmötum fyrirtækja. Í þeim tilfellum þegar hægt er að finna nýlegt viðskiptaverð í viðskiptum við ótengda aðila þá er miðað við slíkt verð frekar en niðurstöður verðmata.

Verðmat 3. stigs eigna er endurskoðað á sex mánaða fresti eða oftar ef þurfa þykir. Metið er hversu viðeigandi breytur verðmatslíkansins eru, sem og matsniðurstaðan með ýmsum matsaðferðum og aðferðum sem almennt eru viðurkenndar sem staðlaðar. Við val á heppilegasta verðmatslíkaninu er haft í huga niðurstöður hvaða líkans hafa í gegnum tíðina verið best í takt við raunveruleg markaðsviðskipti.

Skýringar

4. Mikilvægar forsendur reikningshaldlegs mats

Flutningur á milli þrepa
Félagið metur í lok hvers uppgjörstímabils hvort fjáreignir og fjárskuldir sem metnar eru á gangvirði hafi færst á milli þrepa í þrepaskiptingunni með því að yfirfara flokkunina. Engin fjárfesting flyst á milli þrepa frá ársuppgjöri 2025.

Stjórnendur gera áætlanir og gefa sér forsendur um framtíðina. Matið sem af þessu leiðir mun sjaldan jafngilda nákvæmlega raunverulegum niðurstöðum. Áætlanir og forsendur sem eru sérstaklega viðkvæmar fyrir breytingum og geta valdið verulegri leiðréttingu á bókfærðu verði eigna og skulda eru útlistuð hér að neðan.

(a) Gangvirði verðbréfa sem ekki eru skráð á virkum markaði
Gangvirði verðbréfa sem ekki eru skráð á virkum markaði getur verið ákvarðað af félaginu með því að nota þekktar verðmatsaðferðir. Þar sem engin markaðsgögn eru tiltæk getur félagið metið stöður með eigin líkönum, sem eru byggð á verðmatsaðferðum og aðferðum sem almennt eru viðurkenndar sem staðlaðar í greininni. Líkönin sem notuð eru til að ákvarða gangvirði eru yfirfarin og endurskoðuð reglulega af starfsfólki hjá SKEL fjárfestingafélagi. Líkönin sem notuð eru fyrir skuldabréf eru byggð á hreinu núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis, leiðrétt eftir því sem við á fyrir lausafjárstöðu og lánsfjár- og markaðsáhættuþáttum.

Líkönin nota greinanleg gögn, að því marki sem unnt er. Stjórnendur þurfa þó að beita mati fyrir breytur sem ekki eru greinanlegar á markaði. Breytingar á forsendum um þessa þætti gætu haft áhrif á skráð gangvirði fjármálagerninga. Næmni fyrir ógreinanlegum gögnum byggist á væntingum stjórnenda um mögulegar breytingar á þessum gögnum, að teknu tilliti til sögulegra sveiflna og mats á framtíðarhreyfingum á markaði.

Ákvörðun um hvað teljist „greinanlegt" krefst verulegs mats félagsins. Félagið lítur svo á að greinanleg gögn séu markaðsgögn sem eru aðgengileg, dreift reglulega eða uppfærð, áreiðanleg og sannreynanleg, ekki séreign og veitt af óháðum aðilum sem taka virkan þátt í viðkomandi markaði.

(b) Starfrækslugjaldmiðill
Stjórnin telur íslensku krónuna vera þann gjaldmiðil sem best sýnir efnahagsleg áhrif undirliggjandi viðskipta, atburða og aðstæðna. Krónan er gjaldmiðillinn sem félagið mælir frammistöðu sína í og tilkynnir um afkomu sína.

5. Rekstrartekjur og -kostnaður af fjárfestingafasteignum

	1.1.-30.6.26	1.1.-30.6.25
Leigutekjur	28	97
Fasteignagjöld	8	14
Annar rekstrarkostnaður	9	23
Rekstrarkostnaður fjárfestingafasteigna samtals	17	37

6. Aðrar rekstrartekjur

Aðrar rekstrartekjur greinast þannig:	1.1.-30.6.26	1.1.-30.6.25
Laun greidd til SKEL vegna stjórnarsetu	6	14
Aðrar tekjur	0	6
Aðrar rekstrartekjur samtals	6	20

Skýringar

7. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:	1.1.-30.6.26	1.1.-30.6.25
Aðkeypt lögfræðiaðstoð og önnur þjónusta	35	41
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	28	31
Skráningarkostnaður og annar tengdur kostnaður	20	21
Upplýsingatækni	5	4
Húsnæðiskostnaður	10	10
Afskriftir	2	4
Annar kostnaður	21	20
Annar rekstrarkostnaður samtals	122	131

8. Fjármunatekjur

	1.1.-30.6.26	1.1.-30.6.25
Vaxtatekjur af handbæru fé	92	99
Vextir af kröfum og skuldabréfum	69	105
Arðstekjur	412	541
Gengismunur	28	0
	601	745

9. Fjármagnsgjöld

	1.1.-30.6.26	1.1.-30.6.25
Vaxtagjöld og verðbætur	663	621
Gengismunur	0	4
	663	625

10. Eignir færðar á gangvirði í gegnum rekstur

Eignir færðar á gangvirði í gegnum rekstur sundurliðast þannig:

	30.6.2026	31.12.2025
	Gangvirði	Gangvirði
Ríkisskuldabréf færð á gangvirði í gegnum rekstrarreikning		
RIKS 26 0216	0	1.163
	0	1.163
Skráð verðbréf færð á gangvirði í gegnum rekstrarreikning		
Kaldalón hf. (30.6.2026: 13,34%)	4.414	4.653
Skagi hf. (30.6.2026: 8,08%)	2.825	3.123
Önnur skráð verðbréf færð á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	1.193	1.308
	8.432	9.085
Aðrar óskráðar fjáreignir færðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning		
Drangar hf. (60,8%)	17.299	17.016
Styrkás hf. (32,1%)	10.034	11.209
Baridi Iceland ehf. (31,8%)	2.181	2.181
Stork ehf. (100%), innifelur INNO (50%)	1.266	1.266
Önnur óskráð félög	991	3.645
	31.771	35.315
Fjárfestingafasteignir færðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning		
Íbúðarhúsnæði	4.226	8.523
Atvinnuhúsnæði	185	185
	4.411	8.708
Heildareignir færðar á gangvirði í gegnum rekstur	44.614	54.272

10. Eignir færðar á gangvirði í gegnum rekstur, frh.

Eftirfarandi fjárfestingaeignir eru nýttar sem trygging vegna veðlána að fjárhæð 10.230 m.kr. í lok tímabils:

Eignir	Markaðsverð
Styrkás	10.034
Fasteignir	4.226
Kaldalón hf.	4.414
Skagi hf.	2.825
Aðrar skráðar eignir	1.126
	22.625

Lýsing á óskráðum félögum í eignasafni

Drangar hf. er fyrirtæki á neytendamarkaði sem inniheldur fyrirtækin Orkan IS ehf., Samkaup hf., og Lyfjaval ehf.
Orkan rekur 75 eldsneytisstöðvar auk þess að selja vetni, metan og bjóða rafhleðslu. Einnig rekur Orkan 11 bílaþvottastöðvar undir vörumerki Löðurs. Orkan á einnig Öxl fasteigni hf. (100%) eignarhlut í Blæ ehf., áður Íslenska Vetnisfélagið, (50%) og Straumlind ehf. (34%).
Lyfjaval ehf. rekur 7 apótek undir eigin vörumerki sem og netverslun með lyf og tengdar vörur.
Samkaup rekur 61 verslanir víðsvegar um landið undir vörumerkjum Nettó, Kjörbúðarinnar, Krambúðarinnar, SPAR, Prís og 10-11.

Styrkás hf. var stofnað 2022 sem móðurfélag utan um 100% eignarhluti í Skeljungi ehf. og Kletti sölu og þjónustu ehf. Á árinu 2024 bættist svo 100% hlutur í Stólpa við Styrkás og árið 2025 bættist Hreinsitækni við samstæðun. Á tímabilinu keypti félagið 100% hlut í Gallon af SKEL. SKEL seldi 3,4% hlut í Styrkás á tímabilinu.
Skeljungur sinnir sölu og þjónustu við fyrirtæki með eldsneyti, efnavöru og áburð. Félagið sinnir hluta af þjónustu sinni í gegnum eftirfarandi dóttur- og hlutdeildarfélög Barkur ehf. (67%), EAK ehf. (33%), Fjölver ehf. (33%) og Ecomar ehf. (67%).
Klettur er leiðandi í sölu og þjónustu vinnuvéla, aflvéla, rafstöðva, lyftara, rafgeyma, hleðslukrana, hjólbarða, véruflutninga- og hópferðabíla. Klettur er umboðsaðili fyrir Caterpillar (CAT) og Scania á Íslandi og er með 6 starfsstöðvar.
Stólpi starfar á sviði eignaumsýslu og leigustarfsemi. Félagið er leiðandi í gáma- og húseiningalausnum fyrir atvinnulífið og einstaklinga, gámaviðgerðum og tjónaþjónustu fyrir tryggingafélög.
Hreinsitækni er leiðandi fyrirtæki við þrif á samgöngumannvirkjum og gönguleiðum, viðhald og þjónustu á fráveitukerfum og söfnun og förgun á úrgangsolíu og öðrum spilliefnum.
Gallon ehf. á og rekur orkuinnviði, þ.e. sex birgðastöðvar í Reykjavík, á Akureyri, Eskifirði, Reyðarfirði og í Vestmannaeyjum. Birgðatankar félagsins eru 36 og geymslurými fyrir um 90m lítra af eldsneyti. Gallon ehf. á 25% eignarhlut í EBK ehf.

11. Framvirkir samningar

Framvirkir samningar eru skuldbinding til að kaupa eða selja fjármálagerning í framtíðinni á ákveðnu verði.

Eftirfarandi eru stöður undirliggjandi eignar og skuldar framvirkra samninga í lok tímabilsins:

Eign	30.6.2026	31.12.2025
Gjaldeyrisafleiður	599	1.189
Skuld		
Gjaldeyrisafleiður	576	1.178
Gangvirði opinna framvirkra samninga í árslok	24	13

Skýringar

12. Handbært fé og ígildi handbærs fjár

	30.6.2026	31.12.2025
Handbært fé á bankareikningum	4.242	1.956

13. Eigið fé

Hlutafé:

Hlutafé félagsins nam í lok tímabilsins 1.878 m.kr. samkvæmt samþykktum þess (31.12.2025: 1.878 m.kr.). Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Yfirverðsreikningur eigin fjár:

Yfirverðsreikningur hlutafjár sýnir það sem hluthafar félagsins hafa greitt umfram nafnverð hlutafjár sem félagið hefur selt.

Lögbundinn varasjóður:

Samkvæmt lögum um hlutafélög skal félagið binda 25% af nafnverði hlutafjár í varasjóði, sem ekki má nota til að greiða hluthöfum arð. Við færslu í lögbundinn varasjóð skal ráðstafa 10% af hagnaði ársins þar til 10% af nafnverði hlutafjár er náð og eftir það 5% af hagnaði ársins þar til 25% af nafnvirði hlutafjár er náð. Eftir það er ekki krafist frekari færslu í lögbundinn varasjóð.

Bundinn gangvirðisreikningur:

Færa skal sömu fjárhæð vegna matsbreytingar á fjáreignum tilgreindum á gangvirði af óráðstöfuðu eigin fé á gangvirðisreikning á meðal eigin fjár sem óheimilt er að úthluta arði af að teknu tilliti til skattáhrifa eftir því sem við á.

Leysa skal gangvirðisreikning upp til jafns við framkomnar breytingar á viðkomandi eign eða skuldbindingu þegar hún er seld eða innleyst eða forsendur fyrir matsbreytingu eru ekki fyrir hendi.

Óráðstafað eigið fé:

Óráðstafað eigið fé sýnir uppsafnaðan hagnað félagsins að frádregnu framlagi í lögbundinn varasjóð og arðgreiðslum. Óráðstöfuðu eigin fé er unnt að ráðstafa til hluthafa í formi arðgreiðslna.

Arður:

Á aðalfundi 2026 þann 5. mars 2026 var samþykkt að greiða arð að fjárhæð 2.198 m.kr. (1,17kr. á hvern útistandandi hlut). Þann 8. maí var arðurinn greiddur í samræmi við samþykkt aðalfundar 2026.

14. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur greinast þannig:	30.6.2026	31.12.2025
Viðskiptakröfur	82	50
Áfallnir vextir	88	0
Kröfur á Ríkissjóð	111	116
Aðrar kröfur	59	81
Fyrirframgreiddur kostnaður	3	4
Aðrar skammtímakröfur í lok tímabils	342	251

Skýringar

15. Vaxtaberandi skuldir

Þessi skýring veitir upplýsingar um samningsbundin lánskjör af lántökum félagsins, sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði.

	30.6.2026	31.12.2025
Staða vaxtaberandi skulda 1.1.	13.142	12.285
Lántaka á tímabilinu	6.079	3.237
Afborganir vaxtaberandi lána	(8.990)	(2.380)
Staða vaxtaberandi skulda	10.230	13.142

Langtímaskuldir	**30.6.2026**	**31.12.2025**
Verðtryggð langtímalán ISK vegna fjárfestingafasteigna	0	3.508
Óverðtryggð langtímalán ISK vegna fjárfestingafasteigna	3.402	0
Næsta árs afborgun	0	(97)
Vaxtaberandi langtímaskuldir	3.402	3.411

Skammtímaskuldir		
Næsta árs afborgun langtímaskulda	0	97
Skammtímaskuldir við lánastofnanir	6.828	9.633
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	6.828	9.731
Vaxtaberandi skuldir samtals	10.230	13.142

16. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	30.6.2026	31.12.2025
Ógreiddar launaskuldbindingar	56	60
Viðskiptaskuldir	41	68
Skuld við ríkissjóð	13	23
Ýmsar skammtímaskuldir	12	9
Aðrar skammtímaskuldir samtals	123	159

17. Útgefnir kaupréttir

Þann 7. apríl 2022 var tveimur stjórnendum veittur kaupréttur að hlutum í félaginu. Eigendur kaupréttarins eiga þá rétt á að kaupa hluti í félaginu á markaðsvirði þess dags sem rétturinn var veittur leiðrétt (til hækkunar) með 7% föstum ársvöxtum frá úthlutunardegi og fram að fyrsta mögulega nýtingardegi fyrir hvert nýtingartímabil. Nýtingarverð þann 7.4.2022 var 16,4280 á hlut.
Þann 20. nóvember 2024 var tveimur starfsmönnum veittur kaupréttur að hlutum í félaginu. Eigendur kaupréttarins eiga þá rétt á að kaupa hluti í félaginu á markaðsvirði þess dags sem rétturinn var veittur leiðrétt (til hækkunar) með árlegum vöxtum sem nema 3% ofan á áhættulausa vexti frá útgáfudegi og fram að fyrsta mögulega nýtingardegi fyrir hvert nýtingartímabil. Nýtingarverð þann 20.11.2024 var 16,956 á hlut.
Þann 19. desember 2025 var tveimur starfsmönnum veittur kaupréttur að hlutum í félaginu. Eigendur kaupréttarins eiga þá rétt á að kaupa hluti í félaginu á markaðsvirði þess dags sem rétturinn var veittur leiðrétt (til hækkunar) með árlegum vöxtum sem nema 3% ofan á áhættulausa vexti frá útgáfudegi og fram að fyrsta mögulega nýtingardegi fyrir hvert nýtingartímabil. Nýtingarverð þann 19.12.2025 var 16,3 á hlut.

Kaupréttinum fylgja hvorki réttur til arðsgreiðslna né atkvæði og var verðmæti kaupréttarins reiknað með því að nota Black-Scholes verðmatslíkanið og markaðsvexti og flökt á útgáfudegi.

17. Útgefnir kaupréttir frh.

Hreyfing kaupréttarsamninga greinast þannig:

	Hlutir (í þúsundum)
Staða 1. janúar 2026	111.194
Veittir kaupréttir á tímabilinu	0
Staða 30. júní 2026	111.194

Forsendur sem notaðar eru við mat á gangvirði á veitingardegi kauprétta	2022	2024	2025
Gangvirði á undirritunardegi (m.kr.)	338	31,9	10
Hlutabréfaverð á undirritunardegi	17,1	16,7	16,3
Samningsverð	16,4	17,0	16,3
Vænt flökt	22%	23%	17%
Væntur líftími	3-6 ár	3-6 ár	3-6 ár
Áhættulausir vextir	5,1%	7,2%	6,7%
Ávinnslutímabil í árum	3	3	3

	Útgáfudagur	Magn	Nýtingar-verð	Síðasti nýtingar-dagur
Kaupréttarsamningur útgefinn 2022	7.4.2022	32.267	14,7	6.4.2028
Kaupréttarsamningur útgefinn 2022	7.4.2022	32.267	16,1	6.4.2028
Kaupréttarsamningur útgefinn 2022	7.4.2022	32.267	16,4	6.4.2028
Kaupréttarsamningur útgefinn 2024	20.11.2024	10.801	15,2	20.11.2030
Kaupréttarsamningur útgefinn 2025	19.12.2025	3.591	16,0	19.12.2031
		111.194		

18. Önnur mál

Athugun ESA

Þann 14. október 2024 gerði Eftirlitsstofnun EFTA („ESA") athugun hjá SKEL á grundvelli ákvörðunar ESA um athugun á starfsemi Lyfjavals ehf. SKEL var lagalega skylt að gangast við athuguninni sem framkvæmd var á grundvelli ákvörðunar ESA í samræmi við 4. mgr. 20. gr. II. kafla bókunar 4 við samning EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Með kæru, dags. 3. apríl 2025, kærði SKEL ákvörðun ESA um að framkvæma athugun á skrifstofu félagsins til EFTA-dómstólsins og krafðist þess að málinu yrði vísað frá. Þann 5. mars 2026 var kveðinn upp dómur þar sem frávísunarkröfu SKEL var hafnað. Rannsókn ESA er enn yfirstandandi og hefur stofnunin ekki tilkynnt um niðurstöðu hennar. Óvissa ríkir um framhald og tímalengd málsins, en mögulegt er að ESA óski eftir frekari upplýsingum áður en ákvörðun verður tekin um framhald eða niðurfellingu málsins.

SKEL
FJÁRFESTINGAFÉLAG

Kristínargata 1 · 102 Reykjavík
www.skel.is /skel-fjárfestingafélag
skel@skel.is